

Fjarðaálsfréttir

1.tbl. 1. árgangur, apríl 2008



Efnisyfirlit:

Góðir Austfirðingar	3
Skemmtilegt, lærdómsríkt og spennandi	4
Fylgst með samfélagsbreytingum	5
Næsti nágranni álversins	6
Sjötíu störf hjá Eimskip	6
Menntaður bóndi í skautsmiðjunni	7
Hátíð í bæ!	8
Alcoa í fararbroddi	9
Allir njóta góðs af uppbyggingunni	10
Ört vaxandi fyrirtæki	10
„Til sölu ruggustóll og einnig fjögur málverk eftir Tryggva Ólafsson“	11
Sameinast fyrir Fjarðaál	12
80 milljónir í styrki	12
Nýttu tækifærið til að snúa aftur heim	13
Uppbygging fræðasamfélags	14
Álið er alls staðar	15
Saga Alcoa	15

Fjarðaálsfréttir

Útgefandi: Alcoa Fjarðaál

Ábyrgðarmaður: Erna Indriðadóttir

Ritstjórn: KOM almannatengsl

Umbrot og hönnun: Kúper Blakk

Ljósmyndir: Hreinn Magnússon, Pétur Sörensson,

Birgir Ísleifur Gunnarsson, Myndrún/ Rúnar Þór

Prentun: Hjá Guðjón Ó



Þetta blað uppfyllir strangar umhverfiskröfur norræna umhverfismerkisins Svansins. Til að uppfylla skilyrði Svansins þarf prentgripur að vera prentaður á umhverfissvottaðan pappír sem unninn er úr nytjaskógum. Við prentun eru notaðir jurta-
prentlitir og umhverfisvæn hreinsiefni. Halda þarf nákvæmt grænt bókhald yfir alla þætti prentferilsins og allur úrgangur
sem myndast við framleiðslu prentaðrar vöru skal endurunninn eða komið til ábyrgrar förgunar.



Góðir Austfirðingar

Gangsetning álvers Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði er nú langt komin. Rúmlega 300 ker af 336 hafa verið gangsett og 70 þúsund tonn af áli hafa verið flutt á Evrópumarkað. Öflugur hópur starfsfólks leggur nú nótt við dag til að ljúka gangsetningunni. Gera má ráð fyrir að rekstur álversins verði kominn í nokkuð fastar skorður í lok ársins.

Síðustu ár hafa verið umbrotatímar hér á Austurlandi. Fjöldi erlendra starfsmanna hafa komið og farið aftur til síns heima. Nýir leikskólar hafa risið og byggt hefur verið við grunnskólana. Göng voru gerð milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, fyrirhugað er að grafa önnur göng frá Eskifirði til Norðfjarðar á næstu árum og flugferðum til og frá Egilsstöðum hefur fjölgað mikið. Íbúðarhús hafa sprottið upp og verslun og þjónusta færst í aukana. Bjart-sýni einkennir samfélagið.

Bygging álvers á landsbyggðinni skapar kjölfestu í atvinnu-lífinu og gerir þeim sem það vilja, kleift að búa þar áfram, eða snúa heim aftur eftir nám eða störf annars staðar, eins og margir starfsmenn álversins hafa gert. Alcoa Fjarðaál hefur nú ráðið 400 starfsmenn. 53% þeirra eru af Austur-landi en 47% koma víðs vegar að af landinu. Um þriðjung-ur er konur. Þó stefnt hafi verið að hærri hlutfalli kvenna við ráðningar er þetta engu að síður met í álverum Alcoa og hugsanlega heimsmet. Tugir erlendra sérfræðinga frá

Alcoa hafa verið okkur innan handar við gangsetningu álversins og okkur aðstoða fjölmargir starfsmenn verk-taka meðan á gangsetningu álversins stendur. Um þessar mundir snæða á fimmta hundrað manns hádegisverð í mötuneyti Alcoa Fjarðaáls á hverjum degi.

Það er stefna Alcoa Fjarðaáls að taka virkan þátt í að efla sjálfbært samfélag á Austurlandi með ýmsum hætti. Stjórnendur Fjarðaáls hafa einnig kappkostað að hafa sam-ráð við samfélagið og upplýsa íbúa á svæðinu um starf-semina eftir því sem kostur er. Útboðsstefna fyrirtækisins miðar að því að gera fyrirtækjum á Austurlandi kleift að byggja sig upp og efla starfsemi sína. Þannig vill Fjarðaál stuðla að brýnu hagsmunamáli fyrirtækisins og samfélags-ins alls, sem er fjölbreytt atvinnu- og athafnalíf á Austur-landi.

Þegar starfsemi álversins verður komin á fullan skrið má ætla að verðmæti álsins sem verður flutt út frá Reyðarfirði verði á bilinu 60–70 milljarðar króna á ári. Hagfræðistofn-un Háskóla Íslands metur það svo, að landsframleiðsla aukist um 1,2% með tilkomu Fjarðaáls. Bygging álversins færir bæði Austfirðingum og landsmönnum öllum björg í bú og það er mikilvægt að nýta þau sóknarfæri sem hafa skapast með tilkomu álversins í fjórðungnum.



Skemmtilegt, lærdómríkt og spennandi

Við gangsetninguna hefur verið mikið álag á starfsfólk álversins og Hallveig Höskuldsdóttir, leiðtogi í steypuskála, og Elías Jónsson, framleiðslustarfsmaður í kerskála, lýsa hér hvernig þeirra upplifun af gangsetningu álversins hefur verið fram til þessa.



Forréttindi að vera með

Hallveig segir hvern einasta dag í álverinu vera eins og hreint ævintýri. „Þó að þetta sé yfirleitt mjög gaman þá fáum við samt stundum smá kvíðaköst inn á milli,“ segir hún og hlær.

„Þetta er eins og svo margt annað að maður telur sig vita hvað maður er að fara út í en svo þegar á hólminn er komið þá er þetta svolítið öðruvísi og ýmislegt sem kemur á óvart.“

Hallveig segir það forréttindi að fá að vera með í þessu. „Mér finnst alveg ótrúlegt hversu vel hefur lukkast með starfsfólkið þrátt fyrir stærð vinnustaðarins. Fólk er einstaklega viljugt, metnaðarfullt og tilbúið til að taka þátt,“ segir Hallveig.

Hallveig segir að ef hún ætti að lýsa upplifun sinni af gangsetningunni í einni setningu þá myndi hún hljóma svona: „Gríðarlega skemmtilegt tækifæri að fá að taka þátt í þessu öllu saman, ofsalega lærdómsríkt og hrikalega spennandi.“



Kynnti sér Deschambault álverið

Elías segir reynslu sína af gangsetningunni vera mjög góða. „Það var allt mjög vel undirbúið og alveg skýrt og klárt hvað allir áttu að gera. Auðvitað vissi maður ekkert hvernig þetta færi þó ég vissi nú nokkurn veginn hvað væri í vændum,“ segir Elías. „Ég var svo heppinn að ég fór til Kanada að kynna mér starfsemina í Deschambault álverinu í Quebec og sá þar gangsetningu á einu kerfi.“

Elías vann á krana við undirbúning keranna fyrir gangsetningu svo hann var kominn með töluverða reynslu af kranavinnu þegar að gangsetningunni kom. „Í dag er ég í skautskiptum í kerskálunum. Skautin eru hituð upp þegar verið er að gangsetja kerin og það snýst allt meira og minna um kranavinnu,“ segir Elías og játar að það hafi nú verið dálítið stress í kringum gangsetninguna til að byrja með.

Fylgst með samfélagsbreytingum

Rannsókn á samfélagsáhrifum álvers- og virkjanaframkvæmda á Austurlandi hefur staðið yfir allt frá árinu 2004 og mun ljúka árið 2009. Hjalti Jóhannesson, sérfræðingur hjá Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri, segir helstu niðurstöður vera hversu áhrifin eru mikil og jákvæð á miðsvæðinu, næst framkvæmdunum.

„**R**annsóknin felst að miklu leyti í því að afla gagna sem eingöngu er hægt að nálgast á meðan framkvæmdirnar eiga sér stað. Fyrsta úrtaksskönnunin fór fram árið 2004, sú næsta á síðasta ári og sú síðasta verður væntanlega gerð í lok þessa árs.“

Fyrsta könnunin sem var gerð náði aðeins til áhrifasvæðisins fyrir austan og sú síðasta mun einnig ná yfir það svæði. „Hins vegar náði könnunin á síðasta ári yfir allt landið og þannig gátum við séð viðhorf fólks til ýmissa þátta sem varða þessar framkvæmdir og reyndust viðhorfin mjög mismunandi eftir landshlutum,“ segir Hjalti.

Samhliða þessum úrtaksskönnunum hafa verið gerðar rannsóknir sem byggja á viðtölum við fimmtán íbúa Austurlands, sem ætlað er að gefa þverskurð af samfélaginu.

Helstu niðurstöður

Spurður hverjar helstu niðurstöður hafi verið úr rannsókninni fram til þessa, segir Hjalti það vera hina gríðarlegu jákvæðni á miðsvæðinu. „Yfir fimmtíu prósent íbúa á því svæði segja að þeir hafi mjög mikla eða frekar mikla trú á bættri fjárhagslegri afkomu sinni í kjölfar álversins. Aftur á móti kemur það á óvart hvað svæðið frá Breiðdalsvík til Hafnar í Hornafirði virðist vera afskipt og telja íbúar þar að áhrifin séu jafnvel að einhverju leyti neikvæð fyrir þá,“ segir Hjalti en erfitt sé að ráða í hvers vegna það sé.

Mikil bjartsýni

Í könnuninum var fólk meðal annars spurt að því hvort það hefði mikla eða litla trú á jákvæða þróun byggðarlagsins á næstu árum og segir Hjalti að könnun sem var gerð áður en framkvæmdir hófust hafi sýnt gríðarlega bjartsýni. „Í næstu könnun á eftir sló aðeins á þessar væntingar,“ segir Hjalti og bætir því við að með tímanum muni fólk líklega frekar svara eftir raunverulegri reynslu sinni en væntingum. „Ég held að við höfum verið að mæla alveg svakalega bjartsýni í upphafi könnunarinnar og fyrst



og fremst á miðsvæðinu,“ segir hann. Sem dæmi um bjartsýnina sem greip um sig á Austurlandi nefnir Hjalti að um leið

„Það þurfti ekki meiri hvata en að skrifað var undir samningana um álverið til að allt færi í annan gír.“

og ákvörðun var tekin um framkvæmdir þá hafi fólk farið að hlúa að umhverfi sínu. „Fólk fór að mála girðingar og þök og ráðast í gerð sólpalla ásamt fleiru sem hafði settið á hakanum þannig að segja má að samfélagið hafi lifnað við. Það þurfti ekki meiri hvata en að skrifað var undir samningana um álverið til að allt færi í annan gír.“

Samgöngurnar eru flöskuháls

Hjalti segir að í viðtalsrannsóknunum komi fram að samgöngurnar á Austurlandi séu ákveðinn flöskuháls fyrir svæðið. „Seyðisfjörður verður til dæmis nokkuð út undan hvað þessi jákvæðu áhrif varðar enda gætir nokkurrar neikvæðni þaðan. Íbúar þar höfðu gert sér ákveðnar væntingar sem ekki hafa staðist vegna samgangnanna,“ segir

Hjalti en bendir á að Seyðfirðingar gætu þó mögulega unnið á Egilsstöðum í afleiddum störfum sem tengjast rekstri álversins á einhvern hátt.

„Verkefninu lýkur síðan árið 2009 með lokaskýrslu og þá verður athyglisvert að skoða hvort væntingar standist, hvort slái á þær eða fólk festist í jákvæðri trú á þetta,“ segir Hjalti.

Nýtist við svipuð verkefni

Rannsóknirnar byggja á þingsályktunartillögu sem var samþykkt í mars árið 2003 þar sem Alþingi fól Bygðarannsóknarstofnun og Þróunarstofu Austurlands að fylgjast með samfélagsbreytingum og þróun atvinnulífsins á áhrifasvæði álvers- og virkjanaframkvæmda á Austurlandi. Hjalti segir það mjög jákvætt að vera með vísindalega rannsókn í gangi á svæðinu og mikilvægt fyrir íslenska fræðasamfélagið að stunda rannsóknir á þróun byggðar í þessu samhengi. „Það er mikilvægt að geta miðlað af þessu rannsóknastarfi út fyrir landsteinana og nefna má að háskólastúdentar hafa nú þegar notið góðs af þeirri gagnasöfnun sem hefur farið fram í verkefninu. Sú þekking sem fæst úr þessari rannsókn nýtist einnig í tengslum við frekari uppbyggingu atvinnulífs af svipuðum toga í framtíðinni.“

Næsti nágranni álversins er eitt merkasta hús landsins

Sómastaðir við Reyðarfjörð, sem útvegsbóndinn Hans Jakob Beck byggði árið 1875, er eitt merkilegasta hús landsins, en þetta er eina portbyggða steinhúsið sem varðveist hefur á Íslandi. Hans Jakob hlóð það úr grjóti úr nágrenninu sem hann batt saman með jökulleir. Hann var tvíkvæntur 23 barna faðir og því má segja að plássið hafi verið vel nýtt, en grunnflötur hússins er ekki nema 37 fermetrar.

Hafist var handa við viðgerðir á Sómastaðum árið 1991 en framkvæmdir hafa legið niðri um nokkurt skeið. Alcoa samfélagssjóðurinn veitti Þjóðminjasafninu nýverið 16 milljóna króna styrk til að vinna að tímabærum endurbótum á húsinu og færa það nær upprunalegu horfi.

„Það var ánægjulegt að vera viðstaddur af-

hendingu hins væna styrks Alcoa til uppbyggingar og endurreisnar þessa gamla íbúðarhúss langafa míns, Hans Jakobs Beck, en amma mín í föðurætt, Sigríður Beck, fæddist á Sómastaðum“, sagði Þór Jakobsson, veðurfræðingur og einn forvígismanna félags niðja Richards Long. „Richard Long var afi Hans Jakobs, enskrar ættar, sem hafnaði hér á Íslandi á ævintýranlegan hátt. Er frá honum mikil ætt eins og sjá má í þremur þykkum bindum, myndauðugu riti sem kom út á vegum félagsins fyrir um það bil áratug. Stuðningur Alcoa við viðgerð og viðhald gamla Sómastaðahússins er gleðiefni fyrir afkomendur Hans Jakobs Beck, velunnara sögu Austfjarða og áhugafólk um eflingu ferðapjónustu í landshlutanum,“ sagði Þór.



Allir njóta góðs af uppbyggingunni

Björgvin Pálsson, verslunarstjóri Veðiflugunnar á Reyðarfirði, segir verslunina hafa vaxið gríðarlega á undanförunum þremur árum enda hafi uppbygging svæðisins haft verulega jákvæð áhrif á alla verslun og þjónustu.

„Verslunin Veðiflugan var stofnuð árið 2000 og verður því átta ára gömul á þessu ári,“ segir Björgvin og bætir því við að mjög vel hafi gengið frá upphafi þó vöxturinn hafi verið hraðastur síðastliðin tvö til þrjú ár. „Það er mjög áberandi hvað fólksfölgunin og uppbyggingin skila sér inn í verslun hér á svæðinu,“ segir Björgvin.

Björgvin segir Reyðarfjörð njóta góðs af því að vera kjarninn í þeirri uppbyggingu sem á sér stað á Austurlandi. „Við erum miðsvæðis gagnvart verslun og þjónustu því fólkið í kringum okkur, bæði frá Eskifirði, Neskaupstað og Egilsstöðum, þarf gjarnan að fara í gegnum Reyðarfjörð. Annars fáum við auðvitað líka inn viðskiptavini af öllu Austurlandi,“ segir Björgvin. „Eins hefur orðið gríðarleg fjölgun ferðamanna undanfarin ár og við merkjum greinilega að fólk kemur miklu meira niður á firðina nú en áður,“ bætir hann við og segir fólk almennt mjög forvitið og áhugasamt

um álverið. „Fólk vill fræðast um hvað er að gerast í kringum byggðakjarnana.“

Spurður hvort hann upplifi uppbygginguna á svæðinu eingöngu sem jákvæða, segir Björgvin: „Já, það væri ósanngjarnt af manni að segja að eitthvað væri neikvætt við þetta því þetta er náttúrulega allt upp á við og það njóta allir góðs af því.“ Sjálfur fluttist hann á Reyðarfjörð árið 1994 og hefur því upplifað bæði hæðirnar og lægðirnar við að búa á staðnum. „Það er mikil uppbygging sem hefur átt sér stað undanfarin þrjú ár og það er langur vegur frá þeirri lægð sem samfélagið var í áður,“ segir Björgvin.

Menntaður bóndi í skautsmiðjunni

Hin sænskættaða Karin Birgitta Axelsdóttir kom fyrst til Íslands árið 1972 – þá tvítug að aldri. Í upphafi var það hvorki ástin né áhugi á íslenskri náttúru sem dró hana til landsins, heldur íslenska sauðkindin!

„Ég er bændaskólagengin,“ segir Karin. „Annað nám kom aldrei til greina hjá mér. Í Svíþjóð eru sauðfjárbú vandfundin og í skólanum voru aðeins tuttugu kindur en allir mögulegir ættstofnar af beljum og hænum. Ég hreifst hins vegar af kindunum, fannst þær skemmtilegar og vinalegar skepnur. Vinkona mín benti mér á að fara á atvinnumiðlun og sækja um vinnu á Íslandi. Ég gleymi aldrei manninum sem var að vinna á atvinnumiðluninni. Ég settist fyrir framan hann og sagðist vilja fara til Íslands til að vinna með kindur. Hann þóttist vera að athuga gögn undir borði en ég sá að hann nánast grét úr hlátri – Ísland og kindur!“

Skóglendið minnir á Svíþjóð

Karin fékk ósk sína uppfyllta og fékk vinnu á sauðfjárbúi í Öxnadal. „Það var frábær tími og fólkið var yndislegt. Ég hef verið í sambandi við það alla tíð og mér finnst ég alltaf vera komin heim þegar ég kem í Öxnadalinn.“ Karin var aðeins eitt ár í sveitinni en hreifst svo af landi og þjóð að hún kom aftur til landsins tveimur árum síðar og kynntist þá manninum sínum, Ingólfi Georgssyni. Karin og Ingólfur bjuggu í Reykjavík ásamt börnunum sínum fimm þar til árið 2001 þegar þau fluttu austur á Eiða. „Ég átti börnin mín fimm á átta árum. Það voru skemmtilegustu ár ævi minnar. Ég var heima með þau þar til yngsta stelpa mín var fjögurra ára. Það var óneitanlega mikið stuð á bænum en ég naut þessa tíma alveg í botn.“

„Árið 2001 sótti maðurinn minn um kennarastöðu við Menntaskólann á Egilsstöðum og í kjölfarið fluttum við austur. Þegar ég hugsa um það var það þó líklega ég sem var ákafari í að flytja en mér líkaði aldrei sérstaklega vel í höfuðborginni. Mér þykir umhverfið á Egilsstöðum alveg yndislegt. Ég sakna sænska skóglendisins og fæ þá



„Ég gleymi aldrei manninum sem var

að vinna á atvinnumiðluninni.

Ég settist fyrir framan hann og sagðist vilja fara til Íslands og vinna með kindur.“

tengingu að hluta til á Héraði.“

En var fjölskyldan sátta við það í upphafi að stúlkan þeirra skyldi setjast að fjarri heimahögum? „Í upphafi ætlaði ég að vera í ár. Það var líklega systir mín sem tók þessu verst, en hún er aðeins fimm árum eldri en ég og við vorum mjög samrýndar. Stelpurnar mínar búa nú í litlu húsi á lóð foreldra minna og ná því góðri tengingu við ættingja sína.“

Myndar húsarústir og eyðibýli

Karin sést gjarnan með myndavél á lofti í starfi sínu í skautsmiðju Alcoa Fjarðaáls. Aðspurð um ljósmyndaáhuga svarar Karin: „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á ljósmyndun. Ég fór á ljósmyndanámskeið strax í grunnskóla þar sem voru kennd grunnatriði við myndatöku og framköllun. Ég lauk einnig myndlistarnámi frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, en inni í því var ljósmyndun. Ég

sé myndefni í flestu. Skemmtilegast þykir mér þó að taka myndir af öllu því sem áður hefur gegnt einhverju hlutverki en gerir það ekki lengur, eyðibýlum eða brúm sem eru að hrúni komnar. Allar minjar um mannvirki heilla mig, ég ímynda mér söguna á bak við hverja mynd.“ Blundar bara ekki í Karin skáld þar sem ímyndunaraflað er svo frjótt? „Jú, það held ég að sé rétt hjá þér“ segir hún og hlær. „Ég bjó gjarnan til sögur fyrir krakkana mína þegar þeir voru litlir, en skrifaði þær því miður aldrei niður.“ Fyrir utan barnauppeldi og heimilisstörf hefur Karin brallað ýmislegt. „Ég hef meðal annars starfað við skúringar, húsvörslu og borið út póst. Ég vann einnig sem kirkjuvörður í Egilsstaðakirkju.“

Kerin eins og beljur á bás

Auglýsing Alcoa Fjarðaáls þar sem áhersla var lögð á að störfin hentuðu jafnt konum sem körlum kveikti áhuga Karinar. „Ég sótti um og byrjaði að vinna í febrúar fyrir réttu ári síðan. Ég hafði ekkert hugsað út í hvernig vinna þetta væri, það eina sem ég hafði ímyndað mér var að ég færi líklega að vinna í kerskálanum. Það þótti mér áhugavert þar sem kerunum var líkt við beljur á bás og ég kann sitthvað fyrir mér í fjósi! Mér líkar mjög vel í skautsmiðjunni, teymið mitt er frábært og andinn góður.“



Hátíð í bæ!

Formlegri opnun Alcoa Fjarðaáls var fagnað með hátíðarhöldum á Reyðarfirði 9. júní síðastliðinn. Bærinn skýddist hátíðarbúningi og karnivalstemmning ríkti í einmuna veðurbliðu. Austfirðingar og gestir þeirra nutu fjölbreyttra tónleika og annarrar dagskrár frá morgni og fram á kvöld.

Hreinn Magnússon ljósmyndari var á staðnum og fangaði stemmninguna.

Alcoa er í fararbroddi í baráttunni gegn loftslagsbreytingum

Hlýnun andrúmslofts jarðar er umhverfisvandamál sem brennur heitt á þjóðum heims. Loftslagsbreytingar eru hnattrænt vandamál án landamæra sem ekki verður leyst nema með samstilltu átaki fyrirtækja, stjórnvalda, félagasamtaka og einstaklinga um allan heim. Stjórnendur Alcoa gera sér grein fyrir því að fyrirtækið ber ríka ábyrgð á þessu sviði og Alcoa hefur um langt árabíl verið í fylkingarbrjosti fyrirtækja á sviði umhverfisverndar og samfélagslegrar ábyrgðar.

Markmið Alcoa er að hafa frumkvæði að því að leysa vandamál tengd loftslagsmálum í stað þess að teljast hluti vandans. Fyrirtækið hefur mótað loftslagstefnu og sett sér markmið í loftslagsmálum fram til ársins 2020. Hvatinn að þeirri stefnu er sú trú fyrirtækisins að sjálfbærni sé einn af lykilþáttum fjárhagslegrar velgengni þess, samhliða umhverfisvernd og samfélagslegri ábyrgð. Liður í þessari stefnumörkun var meðal annars markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 25% frá árinu 1990 til ársins 2010. Þessu markmiði var náð árið 2003, sjö árum á undan áætlun, þrátt fyrir að álframleiðsla fyrirtækisins ykist á sama tíma.

Uppbygging á Íslandi

Liður í loftslagsstefnu Alcoa er að nota sem mest endurnýjanlega orkugjafa til álframleiðslu og draga þannig úr notkun jarðefnaeldsneytis. Uppbyggingu Alcoa á því sviði má rekja allt til ársins 1917 þegar fyrirtækið hóf að nota rafmagn úr vatnsaflsvirkjunum sem orkugjafa í álverum sínum. Uppbygging fyrirtækisins á Íslandi er lykilatriði í þeirri stefnu, enda er framleiðsla áls óviðá í heiminum eins umhverfisvæn og hér á landi. Álver hér eru knúin með endurnýjanlegri raforku frá vatns- og gufuorkuverum, en útstreymi gróðurhúsalofttegunda frá þeim er mun minna en frá orkuverum sem knúin eru af jarðefnaeldsneyti. Álver Alcoa Fjarðaáls mun losa um 540.000 tonn af CO₂ á ári en þess má geta að álver og vatnsaflsvirkjun saman losa átta sinnum minna magn gróðurhúsalofttegunda en álver og kolaraf-

orkuver myndu gera. Fjarðaál er fyrsta nýja álverið sem Alcoa tekur í notkun í tuttugu ár og er flaggskip fyrirtækisins þegar kemur að umhverfismálum. Alcoa er einnig með til skoðunar möguleika á byggingu álvers á Bakka við Húsavík.

Unnið að fjölmörgum verkefnum

Forráðamenn Alcoa hafa gengið fram fyrir skjöldu og leitað liðsinnis annarra aðila til þess að leita leiða til að draga úr hlýnun andrúmsloftsins. Alcoa var meðal annars meðal tólf stofnenda *United States Climate Action Partnership*; bandarískra samtaka fyrirtækja, þekktra umhverfisverndarsamtaka og sjálfstæðra stofnana sem hafa það að markmiði að knýja á um breytingar í anda Kyoto-sáttmálans.

Alcoa vinnur að fjölmörgum öðrum verkefnum til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og auka sjálfbærni iðnaðarins. Meðal annars má nefna að fyrirtækið vinnur að rannsóknum og þróun á nýjum og betrumbættum framleiðsluferlum fyrir rafgreiningu áls, unnið er að átaki í endurvinnslu áls og þróun léttari íhluta fyrir bifreiðaiðnaðinn. Alcoa hefur einnig að markmiði að planta 10 milljónum trjáa um allan heim fyrir árið 2020 sem geta bundið allt að 250.000 m³ CO₂ á ári á líftíma sínum. Fjarðaál hyggst leggja sitt af mörkum í þessu átaki og hefur meðal annars styrkt skógrækt í Reyðarfirði.

Ál er umhverfisvænt

Mikil orka fer í framleiðslu áls og með þeirri tækni sem notuð er til framleiðslu þess í dag losnar óhjákvæmilega koltvísýringur og aðrar gróðurhúsalofttegundir. Þrátt fyrir

það dregur álframleiðsla og aukin notkun áls úr losun á gróðurhúsalofttegundum, sé litið heildstætt á málin. Fyrir því eru fyrst og fremst tvær ástæður. Í fyrsta lagi er ál léttur málmur og notkun þess í stað þyngrí málma, t.d. í farartækjum, dregur úr notkun jarðefnaeldsneytis og tilheyrandi losun gróðurhúsalofttegunda. Hin meginástæðan er að ál hentar vel til endurvinnslu og til hennar þarf aðeins brot þeirrar orku sem þarf við frumframleiðslu áls. Rannsóknir benda til að árið 2020 hafi aukin notkun áls í samgöngufarartækjum dregið meira úr losun gróðurhúsalofttegunda en sem nemur allri losun áliðnarins á gróðurhúsalofttegundum. Í þessu samhengi má einnig nefna að um 70% af öllu því áli sem framleitt hefur verið í heiminum fram til þessa er enn í notkun.

Fjöldi viðurkenninga

Það er tekið eftir árangri Alcoa í umhverfismálum og fyrirtækið hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar fyrir viðleitni sína á þessu sviði. Alcoa var meðal annars tilnefnt eitt af sjálfbærustu fyrirtækjunum í heiminum, fjórða árið í röð hjá Alþjóða efnahagsstofnuninni (WEF) í Davos, fyrirtækið er á sérstökum sjálfbærnilista útgáfufyrirtækisins Dow Jones sjötta árið í röð, tímaritið *Business Week* útnefndi Alcoa eitt umhverfisvænasta stórfyrirtæki heims og stærstu samtök fjárfesta, umhverfisverndarféлага og félaga um almannahagsmuni í Bandaríkjunum setja Alcoa í flokk þeirra fyrirtækja sem hvað best hafa staðið sig í baráttunni gegn gróðurhúsaaðhrifum.

Ört vaxandi fyrirtæki

Hannibal Ó. Guðmundsson hjá Ferðaskrifstofu Austurlands, segist finna mikið fyrir þeirri uppbyggingu sem álverið í Reyðarfirði hefur í för með sér en reiknar með að jafnvægi muni komast á byggðina og samfélagið á næstunni eftir þennan mikla uppgang.

„Við finnum fyrir þessari uppbyggingu bæði í veltu og starfsmannahaldi,“ segir Hannibal og bætir við: „Við höfum þjónustað Bechtel sem byggði álverið, og erum með fastan þjónustusamning við Alcoa. Svo það er búin að vera hröð uppbygging á okkar fyrirtæki allt frá árinu 2003.“

Hannibal var eini starfsmaður FA í upphafi en annar bættist við skömmu síðar. „Í dag erum við orðin fimm og veltan hefur farið úr 60 milljónum króna í 400 milljónir. Það er náttúrliga mjög mikil aukning sem við tengjum beint við byggingu álversins,“ segir

Hannibal, sem er eigandi FA ásamt Arngrími Viðari Ásgeirssyni og Byggðastofnun. FA sér um allt sem viðkemur ferðamálum fyrir Alcoa; flug, hótél, gistingar, ferðir á milli staða og fleira jafnt fyrir starfsfólk sem undirverktaka Alcoa. „Við finnum dálítið fyrir því núna að Bechtel hefur klárað sinn hluta en þá taka við önnur verkefni. Þetta er nýjasta álver Alcoa þannig að væntanlega verður fólk sent hingað í þjálfun þegar þeir fara að byggja ný álver annarsstaðar og eflaust fáum við verkefni í kringum það,“ segir Hannibal og bætir því við að nú sé spurning hvernig heimamenn muni nýta þetta tækifæri til sóknar. „Það er yfir höfuð mjög mikil jákvæðni á svæðinu og fólk er bjartsýnt nú en oft áður. Síðan á eflaust eftir að koma meira jafnvægi á byggðina og samfélagið eftir þessa miklu sprengju. Það leggst bara vel í fólk,“ segir Hannibal.



Sjötíu störf hjá Eimskip

Eimskip sér um alla hafnarvinnu fyrir Alcoa Fjarðaál í Reyðarfirði en í gegnum Mjóeyrarhöfn fara 1,3 milljónir tonna af áli og aðföngum fyrir Fjarðaál á ári hverju.

„Við losum og lestum öll skip sem koma til álversins, hráefni til verksmiðjunnar og framleiðsluvörur frá henni,“ segir Guðmundur

P. Davíðsson, forstjóri Eimskips á Íslandi. „Höfnin í Reyðarfirði er orðin önnur stærsta höfn landsins, næst á eftir Faxaflóahöfninni og okkur er sagt að hún sé sú sjöunda stærsta á Norðurlöndunum.“

Eimskip hefur verið úthlutað 20.000 fermetra lóð við höfnina sem er nú að verða byggingarhæf. „Þar ætlum við að byggja miðlæga þjónustu- og dreifingarmiðstöð fyrir allt Austurland,“ segir Guðmundur. Hann segir hluta af innanlandsflutningum nú geta farið í gegnum höfnina í Reyðarfirði og sér þar ný tækifæri fyrir viðskiptavinum Eimskips. „Með breyttu siglingakerfi bætum við þjónustuna við þá sem eru að flytja út ferskan fisk þar sem nú er komin bein tenging við Bretland frá Austurlandi. Það eru að skapast tækifæri fyrir útflytjendur á Norðausturlandi til að skipa út í gegnum Reyðarfjörð í stað Reykjavíkur“ segir Guðmundur sem telur nýju höfnina geta leitt af sér sparnað í innanlandsfrakt. Til dæmis geti stór hluti af þungavöru nú farið í gegnum höfnina. „Við erum með hafnararkrana í Reyðarfirði með 110 tonna lyftigetum þannig að þungastykki sem áður þurfti jafnvel að flytja í pörtum, getum við nú lyft í einu lagi,“ segir Guðmundur.

„Við vorum með fjörutíu starfsmenn á Austurlandi áður, en þeir verða um sjötíu þegar allt er komið í fullan gang þannig að þetta hefur mikil áhrif á atvinnulíf svæðisins og gerir okkur að einum af stærstu vinnuveitendunum í fjórðungnum,“ segir Guðmundur að lokum.



Tómas M. Sigurðsson og Guðmundur P. Davíðsson undirrita saming um áflutninga.

„Til sölu ruggustóll og einnig fjögur málverk eftir Tryggva Ólafsson“



Magni Kristjánsson, framkvæmdastjóri, áður skipstjóri, hefur unnið ötullega að því undanfarin ár að byggja upp myndlistarsafn Tryggva Ólafssonar á Norðfirði. Sjálfseignarstofnun var stofnuð formlega um safnið í sumar og traustir bakhjarlar hafa tryggt rekstrargrundvöll þess næstu árin.

Meðal þeirra sem lögðu fjármagn til safnsins er Alcoa samfélagssjóðurinn sem styrkti það um ríflega fimm milljónir til næstu tveggja ára. Fjarðaál gaf safninu einnig húsgögn úr húsnæði upplýsingamiðstöðvar fyrirtækisins og Fjarðabyggðar sem nú er skíðaskáli í Stafdal.

Þeir einir fiska sem róa

Hugmyndina að safninu fékk Magni þar sem hann „lá í hugleiðingum“, eins og hann orðar það, um jólin 2000. Skipstjórinn veit að þeir einir fiska sem róa og dreif í að skrifa vini sínum, Tryggva Ólafssyni, bréf til Kaupmannahafnar. Listamaðurinn tók vel í hugmyndina og undirbúningur fór í fullan gang strax um veturinn. Magni gaf safninu

þau verk Tryggva sem honum höfðu áskotnast í gegn um tíðina, Tryggvi lagði sjálfur til fjölmörg verk, bærinn gaf tvö verk

**„Safnið er að mínu
viti orðið býsna
gott og ég held að
við spönnum feril
Tryggva ansi vel.“**

sem voru í hans eigu og verk voru fengin að láni héðan og þaðan. Safnið var svo opnað með pompi og prakt með stórri sýningu í gamla kaupfélaginu á Norðfirði haustið 2001.

„Næstu árin var ég út og suður að ná í góð verk fyrir safnið,“ segir Magni. „Ég bæði keypti verk og fékk þau gefins. Um leið og ég þéfaði upp verk fór ég af stað og náði þannig að safna einum 20–30 verkum í safnið.“

Magni segir að sér sé sérstaklega minnstætt hvernig hann náði í fjögur gömul verk

frá því Tryggvi var 18–19 ára, eða áður en hann hóf listnám. „Ég rakst á smáauglýsingu í DV sem hljóðaði svo: Til sölu ruggustóll og einnig fjögur málverk eftir Tryggva Ólafsson.“ Magni hafði samband við auglýsandann og náði að tryggja safninu verkin. Ekki fylgir sögunni hvort ruggustóllinn hafi fylgt með í kaupunum. Hann segir hins vegar að sennilega hafi Tryggvi borgað húsaleigu með þessum verkum þegar hann var fátækur námsmaður í Reykjavík.

Málverk máluð með fermingarlitunum

Verkin segir Magni að hafi verið mikill fengur, enda líti hann svo á að nauðsynlegt sé fyrir safnið að eiga verk frá öllum listamannsferli Tryggva. „Við eigum meira að segja málverk frá því Tryggvi var fjórtán ára, málað með fyrstu litunum sem honum áskotnuðust. Hann fékk þá í fermingargjöf,“ segir Magni. „Safnið er að mínu viti orðið býsna gott. Þó eru enn í því göt sem þarf að stoppa í en annars held ég að við spönnum feril Tryggva býsna vel.“

Sameinast fyrir Fjarðaál

Launafl var stofnað 6. júní árið 2006 af sex aðildarfélögum á sviði vél- og rafvirkjunar til að þjónusta Alcoa Fjarðaál. Magnús Helgason, framkvæmdastjóri Launafls, segir fyrirtækið hafa vaxið gríðarlega á skömmum tíma.

„Launafl var stofnað til að þjónusta Alcoa Fjarðaál á sviði vél- og rafvirkjunar við uppbyggingu álversins,“ segir Magnús en Fjarðaál gerði kröfu um að skipta við eitt stórt fyrirtæki í stað margra lítilla aðila. „Þeir sem eru aðilar að Launafl eru vélsmiðjurnar: Guðmundur Skúlason í Neskaupstað, Vélgæði á Fáskrúðsfirði, Myllan á Egilsstöðum og Stjörnuhlástur á Seyðisfirði. Svo eru það rafverktakarnir tveir: Rafmagnsverkstæði Árna á Reyðarfirði og Rafey á Egilsstöðum,“ segir Magnús.

Launafl sér um viðhald á tækjabúnaði fyrir álverið auk þess að smíða nýja hluti, sjá um rafvirkjun og eftirlit á tækjum. „Núna erum við að byggja verkstæði skammt frá



lóð Fjarðaáls þar sem við munum sjá um þjónustu við öll farartæki álversins sem eru 140 talsins af mismunandi gerðum,“ segir Magnús en Launafl hefur einnig um-

sjón með viðhaldi á stórum hluta bygginga svæðisins.

„Það var gríðarleg breyting fyrir þessi fyrirtæki þegar Fjarðaál var stofnað og þá sérstaklega þegar Launafl fór að starfa fyrir Bechtel í byrjun síðasta árs,“ segir Magnús en frá þeim tíma sem Launafl var stofnað hefur starfsmönnum fjölgað úr þremur í 48. „Í dag erum við með 110 starfsmenn við störf hjá Alcoa Fjarðaáli en þar af eru fimmtíu framleiðslustarfsmenn við tímabundin störf.“

Magnús segir að lokum að mun bjartara sé yfir Austfjörðum eftir að álverið kom til. „Án þess hefði ekki orðið sú gróska og uppbygging sem hefur átt sér stað á svæðinu og við tökum þátt í henni eins og við getum.“

80 milljónir í styrki

Alcoa Fjarðaál og Alcoa samfélagssjóðurinn veittu samtals yfir 80 milljónir til yfir 40 samfélagsverkefna á Austur- og Norðurlandi árið 2007. Styrkirnir eru veittir félagasamtökum og stofnunum til fjölbreyttra verkefna sem ætlað er að auðga og efla sjálfbært samfélag. Frá árinu 2003 hefur Alcoa samtals styrkt slík verkefni um ríflega 270 milljónir króna.

Meðal þeirra verkefna sem Fjarðaál og Alcoa sjóðurinn styrktu í fyrra eru: endurbygging Sómastaða, skíðasvæði Seyðfirðinga og Fljótsdalshéraðs, fjölgreinanám við Nesskóla, Jazzhátíð Egilsstaða á Austurlandi, uppbygging vetrarferðaþjónustu í Mývatnssveit, kór Fjarðabyggðar, tilraunir með vinnslu metangass úr húsdýraábúrði, tækjakaup Hollvínasamtaka



Fjölgreinanám við Nesskóla er meðal verkefna á Austurlandi sem Alcoa hefur styrkt.

Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað og Tengslanet austfirskra kvenna svo fátt eitt sé nefnt. Styrkir hafa numið allt frá fimmtíu þúsundum til sextán milljóna króna. Árið 2007 veitti Alcoa samfélagssjóðurinn ríflega 3 milljarða króna til eflingar yfir 200

samfélaga sem Alcoa hefur starfsemi í víða um heim. Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun sem var stofnuð 1952. Eignir hans nema um 35 milljörðum króna, en frá stofnun hefur hann veitt um 31 milljarð króna í styrki.



Nýttu tækifærið til að snúa aftur heim

Norðfirðingurinn Páll Freysteinnson mætti til starfa hjá Fjarðaáli 15. ágúst síðastliðinn sem framkvæmdastjóri upplýsingatæknimála. Páll er rafmagnsverkfræðingur með mikla starfsreynslu úr hugbúnaðargeiranum. Hann var framkvæmdastjóri Hugar-Ax í Reykjavík frá 2002 og starfaði áður hjá hugbúnaðardeild EJS frá 1988 og sem framkvæmdastjóri á hugbúnaðarsviði EJS frá 1997. Kona Páls, Jóhanna B. Jónsdóttir, er einnig frá Norðfirði og þau hjónin nýttu langþráð tækifæri til að flytja aftur austur þegar álver Alcoa Fjarðaáls tók til starfa.

Kallaður Palli Denu

Páll fæddist reyndar á Seyðisfirði en foreldrar hans, Steinunn Stefánsdóttir og Freysteinn Þórarinnsson, fluttu til Norðfjarðar þegar frumburðurinn var nokkurra mánaða gamall. Freysteinn stundaði þá sjóinn og Páll var því venju samkvæmt kenndur við móður sína og kallaður Palli Denu. Freysteinn fór síðan í land þegar Páll var 8 ára og þrjú yngri systkini Páls; Ingvar, Stefanía og Ólína, voru því kennd við föður sinn. Freysteinn starfaði þó áfram í sjávarútvegi sem vélstjóri og þess má geta að hann kom með fyrsta skuttogarann til landsins, Barðann NK, en margir starfsmanna Fjarðaáls hafa verið í áhöfn Barðans. Lengst af starfaði Freysteinn þó sem vaktformaður í bræðsl-

unni í Neskaupstað og þar vann Páll líka með námi.

Eftir skyldunám á Norðfirði fór Páll norður í land í læri hjá sveitunga sínum, Tryggva Gíslasyni, skólameistara Menntaskólans á Akureyri. Þaðan lá leiðin suður til Reykjavíkur í tölvunarfræði í Háskóla Íslands árið 1982. Árið eftir eignuðust Páll og Jóhanna fyrstu dótturina af þremur, Hafrúnu Ósk og Páll fór að vinna fyrir fjölskyldunni

„Það er gaman að komast aftur út á land í frumframleiðslu og geta tengt saman upplýsingatækni og áþreifanlega verðmætasköpun“

sem tölvari hjá Fasteignamati ríkisins. Páll fór svo í rafmagnstæknifræði í Tækniskólanum 1983 og ári síðar til Danmerkur í rafmagnsverkfræði í Háskólanum í Álaborg og lauk þaðan MS prófi árið 1988 með hugbúnaðarverkfræði sem sérgrein. Þess má geta að fjölmargir aðrir verkfræðingar hjá Fjarðaáli sóttu menntun sína til Danmerkur.

Foreldrar bæði Páls og Jóhönnu búa á Norðfirði. Yngsta dóttirin, Andrea Sif, er að ljúka 10. bekk, en ekki er þó hægt að segja að fjölskyldan sé öll sameinuð á Norðfirði, því elsta dóttirin, Hafrún Ósk, er í kennaranámi í Óðinsvéum og Bryndís er á síðasta ári í Verslunarskólanum.

Starfið spennandi áskorun

Páll er mikið fyrir útiveru og segist njóta þess innilega að vera kominn aftur í nána snertingu við náttúruna á Austurlandi. Páll er í senn veiðimaður og matgæðingur. Hann veiðir og matreiðir meðal annars hreindýr, gæs og rjúpu. Hann á líka hlut í 31 feta báti, Mími, sem eiginlega má kalla snekkju. Einnig er ættaróðalið í Viðfirði sérstakt áhugamál Páls.

„En starfið hér hjá Fjarðaáli er mjög spennandi áskorun“, segir Páll. „Eftir að hafa starfað lengi í hugbúnaðargeiranum á höfuðborgarsvæðinu er gaman að komast aftur út á land í frumframleiðslu og geta tengt saman upplýsingatækni og áþreifanlega verðmætasköpun. Álver Fjarðaáls er eitt af þeim fullkomnustu í heiminum og jafnframt einn af tæknivæddustu vinnustöðum á Íslandi og það er frábært að fá tækifæri til að taka þátt í að móta þennan stóra og mikilvæga vinnustað“.

Uppbygging fræðasamfélags

Þekkingarsetrið á Egilsstöðum var stofnað í apríl á síðasta ári í þeim tilgangi að efla samstarf þekkingarfyrirtækja og rannsóknarstofnana á Egilsstöðum. Dr. Ívar Jónsson, sem er framkvæmdastjóri Setursins, segir mikla uppbyggingu framundan. Þekkingarsetrið á Egilsstöðum er einkahlutafélag sem ríkið og Fljótshérað lögðu hlutafé í.

Ívar segir hugsunina á bakvið Þekkingarsetrið vera að skapa samstarfsvettvang fyrir þekkingarfyrirtæki og rannsóknarstofnanir á Egilsstöðum. „Hlutverk setursins er að efla samstarf þessara aðila og hlúa að nýrri starfsemi sem sprettur úr samstarfi þeirra aðila sem fyrir eru,“ segir Ívar en þegar allt verður tilbúið má reikna með að starfsmenn í Þekkingarsetrinu verði um fjórutíu. „Það verður þó ekki fyrr en eftir um eitt og hálft ár því reisa þarf 2.500 fermetra byggingu til að hýsa starfseminna. Þegar sú bygging verður tilbúin kemst setrið í fullan gang.“ Ívar segir sérstaka fræðimannaíbúð verða tekna í notkun á næstunni en þar verður aðstaða fyrir fræðimenn og vísindafólk. „Fræðimenn geta þá komið og dvalið í nokkurn tíma í Þekkingarsetrinu og haft þar kjöraðstæður til vinnu sinnar. Líklega verða það fyrst og fremst meistara- og doktorsnemar, sérstaklega á sviði skógræktar,“ segir Ívar og bætir því við að talsverð vísindastarfsemi sé þegar í gangi en hún muni eflast þegar þessi íbúð kemst í gagnið.

Mikil starfsemi í Þekkingarsetrinu

Þegar eru nokkrir aðilar komnir með starfsemi í Þekkingarsetrið og nefnir Ívar sem dæmi Fornleifavernd ríkisins, Fræða- og rannsóknasetur Háskóla Íslands, Náttúrustofu Austurlands, Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra, Umhverfisstofnun og Þekkingarnet Austurlands. Fleiri aðilar koma svo inn í Setrið þegar nýja byggingin verður tilbúin eins og Búnaðarsamband Austurlands, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Héraðsskógar, Markaðsstofa Austurlands, Skógrækt ríkisins og Þróunarfélag Austurlands. Ívar segir Þekkingar-



net Austurlands vera með mjög öfluga starfsemi í Þekkingarsetrinu. „Á þeirra vegum eru ýmis símenntunar- og endurmenntunarnámskeið auk þess sem um 250 háskólastúdentar af Austurlandi stunda fjarnám við hina ýmsu háskóla á Íslandi í gegnum Þekkingarnetið,“ segir Ívar. Miklar rannsóknir eru einnig stundaðar í skógræktinni. „Meðal annars styður Alcoa rannsóknir Skógræktarinnar á kolefnisbindingu. Þannig að það er heilmikil starfsemi þegar í gangi hjá aðilum Þekkingarsetursins,“ segir hann. „Sá styrkur sem samfélagssjóður Alcoa veitir til þessara rannsókna er hluti af áherslum fyrirtækisins á samfélagslega ábyrgð. Styrkirnir eru gjarnan veittir til sjálfbodaliða- og líknarsamtaka en jafnframt, eins og í þessu tilfelli, til að efla nærsamfélög,“ segir Ívar. „Einnig hefur samfélagssjóður Alcoa styrkt Setrið um 9,4 milljónir til undirbún-

ings meistaranáms í umhverfis- og þjóðgarðastjórnun og vonast er til að kennsla hefjist á næsta ári.“

Heimafólk í meirihluta


Ívar segir ástæðuna fyrir því að Fljótshérað hafi ráðist í uppbyggingu Þekkingarsetursins sé sú stefna að efla héraðið sem þekkingarsamfélag. „Þekkingarsetrið er tæki þeirrar stefnu og þegar það verður komið í fulla notkun verða átján aðilar ýmist með starfsemi í Setrinu eða stuðningsaðilar þess, eins og til að mynda Alcoa,“ segir Ívar. „Flestir þeirra sem starfa við Þekkingarsetrið eru heimamenn á Austurlandi en svo koma hingað ýmsir fræðimenn til dvalar í lengri eða skemmri tíma,“ segir Ívar og bætir við að mikil og athyglisverð uppbygging sé framundan í starfsemi Þekkingarseturs Austurlands.

Álið er alls staðar!

Þegar fyrst tókst að framleiða ál með hagkvæmum hætti fyrir rúmum 120 árum síðan óraði örugglega engan fyrir fjölbreyttum notkunarmöguleikum áls. Flest notum við ál á hverjum degi.

- Ál er notað í bíla, flugvélar og skip og dregur verulega úr orkunotkun og losun gróðurhúsalofttegunda við samgöngur.
- Álnotkun í byggingariðnaði vex hratt um allan heim. Hver kannast ekki við áklæðningar á húsum?
- Ál er mikið notað í umbúðir ýmiss konar og flestir þekkja auðvitað áldósir utan um gosdrykki og aðrar drykkjarvörur.
- Ál er mikið notað í neytendavörur þar sem þyngd, stærð, styrkur og hönnun skiptir mál. Það er notað í álramma, álguggatjöld, húsgögn og ýmiss konar húsmuni svo eitthvað sé nefnt.
- Geisladiskar eru að hluta til úr áli og ál er notað í fartölvur, farsíma, myndavélar, veiðihjól o.s.frv.
- Í víraverksmiðju Alcoa Fjarðaáls verða framleidd allt að 90.000 tonn af álvírum á ári. Vírarnir verða meðal annars notaðir í háspennustrengi á borð við þá sem flytja raforku frá Kárahnjúkavirkjun til Fjarðaáls.

Það er líklega ál í bílnum þínum, húsinu þínu, farsímanum þínum og tölvunni þinni svo eitthvað sé nefnt.



Systkinin Charles M. og Julia Hall.

Heimanám tveggja systkina varð kveikjan að stofnun Alcoa

Áður en rafgreining áls kom til sögunnar árið 1886 var afar erfitt og dýrt að framleiða ál og þessi fágæti málmur var aðeins notaður í finustu skartgrip og skrautmuni. Til að mynda bauð Napoleon III Frakklandskeisari aðeins tignustu gestum sínum að borða með hnífapörum úr áli, aðrir urðu að gera sér hnífapör úr skiragulli að góðu. Á síðari hluta 19. aldar stunduðu systkinin Julia og Charles M. Hall nám í efnafræði við Oberlin háskólann í Ohio. Á köldum febrúardegi árið 1886 fyllti Charles ker með flúorríkri efnablöndu, setti súrál út í og leiddi rafstraum í gegnum skautin. Við þetta myndaðist mikill hiti í kerinu og á botni þess lágu eftir kúlur úr hreinu áli. Á sama tíma tókst Frakkanum Paul Heroult einnig að búa til ál með svipuðum hætti. Framleiðsla áls

Raforkan fyrir fyrsta álverið kom frá 125 hestafla gufuvél

með rafgreiningu hefur því verið nefnd Hall-Heroult aðferðin og hún er enn undirstaða allrar álframleiðslu í heiminum.

Systkinin unnu náið saman og Julia sá meðal annars um alla skráningu gagna í tilraunum Charles. Síðar varð hún helsti viðskiptaráðgjafi bróður síns.

Charles stofnaði lítið nýsköpunarfyrirtæki með Alfred E. Hunt árið 1888. Þeir nefndu það *The Pittsburgh Reduction Company* og það reisti fyrsta álver heims við Smallman Street í Pittsburgh. Raforkan kom frá 125 hestafla gufuvél. Árið 1907 var nafni fyrirtækisins breytt í *Aluminum Company of America* og síðar í Alcoa. Charles M. Hall stýrði rannsóknar- og þróunarstarfi Alcoa þar til hann lést árið 1914. Andi frumkvöðulsins lifir enn innan Alcoa.



Fyrsta álver heims við Smallman Street í Pittsburgh.

